

## SAMPYKKT

### um stjórn hreppsmálefna í Hvolhreppi.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd er í fyrirsvari fyrir Hvolhrepp og ber henni að gæta hagsmuna hreppsins í hivetna svo og að annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum og reglugerðum.

Meginverkefni hreppsnefndar eru:

- A. Hreppsnefnd fer með yfirstjórn á fjárreiðum hreppsins.
- B. Hreppsnefnd hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda og kveður á um í árlegri fjárhags-áætlun hversu haga skuli fjárframlögum og framkvæmdum vegna einstakra verkefna.
- C. Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Ráðningarsamningur hans er þó uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara. Hreppsnefnd ræður einnig fasta starfsmenn hreppsins að fengnum tillögum sveitarstjóra. Um réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt.

#### 2. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum kýs hún sér oddvita og varaoddvita.

#### 3. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum hreppsnefndar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og að allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar. Oddviti sér um að allt fari vel fram og skipulega á fundum hreppsnefndar. Hann úrskurðar um fundarsköp en skjóta má úrskurði hans undir úrlausn hreppsnefndar.

#### 4. gr.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana. Hver sá hreppsnefndarmaður sem ekki er samdóma hinum á rétt á því að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar sem sér um færslu gerðabókar undir fyrirsögn og eftirliti oddvita.

#### 6. gr.

Hreppsnefnd heldur að jafnaði fund einu sinni í mánuði nema í júlí og ágúst. Reglulegur fundardagur og fundartími skal ákveðinn í byrjun hvers kjörtímabils.

#### 7. gr.

Sveitarstjóri og oddviti semja dagskrá hvers fundar.

Á dagskrá skal taka:

1. Hvert það mál sem samkvæmt lögum eða reglugerðum fellur undir verkvið hreppsnefndar.
2. Hver sá sem heimild hefur til þess að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndar og óskar eftir því skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð eigi síðar en 4 dögum fyrir hreppsnefndarfund. Sveitarstjóri skal síðan í síðasta lagi 2 dögum fyrir hreppsnefndarfund hafa sent öllum hreppsnefndarmönnum dagskrá næsta fundar.

3. Í dagskrá skal tilgreina þær fundargerðir nefnda er fyrir liggja, tillögur er fram hafa komið og þau mál önnur sem um skal fjallað. Fylgja skal afrit tillagna svo og önnur þau gögn er sveitarstjóra eða oddvita þykja veita nánari upplýsingar um dagskrárliði.
4. Ef ákveðið er að boða til aukafundar, sbr. 3. mgr. 25. gr. laga nr. 58/1961 þá skal til hans boðað með dagskrá sem send verði hreppsnefndarmönnum með 24. klst. fyrirvara. Heimilt er þó að boða fund með styttri fyrirvara ef mjög aðkallandi mál bíður afgreiðslu.
5. Mál skulu afgreidd í þeirri röð sem dagskrá segir fyrir um nema hreppsnefnd ákveði annað.
6. Sveitarstjóri boðar fundi hreppsnefndar.

## 8. gr.

Hreppsnefndarfundir eru haldnir fyrir opnum dyrum. Einstök mál má þó ræða fyrir luktum dyrum þegar sveitarstjórn ákveður. Fundir skulu auglýstir á sama hátt og venja er til um opinberar auglýsingar í hreppnum með a. m. k. 24. klst. fyrirvara.

## 9. gr.

Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert nema meira en helmingur hreppsnefndarmanna sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum. Sveitarstjóri og hver hreppsnefndarmanna getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu og frávisunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er og hreppsnefnd á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar.

Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

## 10. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál við eina umræðu nema hina árlegu fjárhagsáætlun, ársreikninga og reglugerðir sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra. Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður.

## 11. gr.

Hver hreppsnefndarmaður sem vill taka til máls á hreppsnefndarfundum skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumenn svo og hreppsnefndarmann sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan sig.

Ef tveir eða fleiri hafa kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala. Hreppsnefnd getur heimilað ef 3 hreppsnefndarmenn samþykkja að maður utan hreppsnefndar megi tala á hreppsnefndarfundum, enda sé hann sérstaklega kvaddur á hreppsnefndarfundum til að upplýsa og fræða um eitthvert það mál sem hreppsnefnd telur að upplýsinga sé þörf á. En skylt skal honum að gæta fundarskapa.

## 12. gr.

Framsögumaður eða flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir hreppsnefndarmenn tvisvar. Sveitarstjóri sem ekki er jafnframt hreppsnefndarmaður skal hafa málfrelsi og tillögurétt á hreppsnefndarfundum til jafns við hreppsnefndarmenn.

## 13. gr.

Ef oddviti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt til að umræðutími hvers hreppsnefndarmanns megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt. Þá getur oddviti hvenær sem er lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur oddvita skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

## 14. gr.

Skylt er hreppsnefndarmanni að lúta valdi oddvita í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu. Ef hreppsnefndarmaður ber aðra menn brigsalum eða víkur verulega frá um-ræðu þá skal oddviti víta hann.

Ef hreppsnefndarmaður hlýðnast ekki fyrirmælum oddvita eða almenn óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

## 15. gr.

Hreppsnefndarmönnum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf hreppsins og stofnana hans.

Hver hreppsnefndarmaður á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd skv. ákvörðun hennar.

Hreppsnefnd getur veitt hreppsnefndarmanni lausn frá setu í hreppsnefnd ef hann óskar þess.

## 16. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra sem hreppsnefnd tekur svo og framkvæmd á málefnum hreppsins yfirleitt að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Sveitarstjóri hefur ekki atkvæðisrétt í hreppsnefnd eða nefndum nema hann hafi verið kjörinn í þá nefnd. Sveitarstjóra er heimil seta á fundum nefnda með málfrelsi og tillögurétt.

## 17. gr.

Allar nefndir hreppsnefndar skulu færa gerðarbækur um störf sín og skulu gerðir fasta-nefnda svo og nefnda sem hreppsnefnd setur í sérstök mál lagðar fyrir hreppsnefnd til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hvolhrepps í Ragnárvallasýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. desember 1982.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Eskifjarðarkaupstað.

## I. KAFLI

### Um reglu og velsæmi á almannafæri.

## 1. gr.

Uppþot og hvers konar óspektir eru bönnuð á almannafæri. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina eða óþæginda fyrir vegfarendur. Með almannafæri er átt við götur, vegi og svæði sem almenningur fer um, eða ætluð eru til